Frá FH, GT, KO, SBÓ og VÞ:

Ákvæði um reglulegt stjórnlagaþing - í stað 3. gr. í tillögum nefndarinnar:

"Stjórnarskrá þessari skal aðeins breytt að tillögu stjórnlagaþings sem þjóðkjörið skal með persónukjöri þar sem hlutur kynja og fulltrúa landshluta skal tryggður með sama hætti og við kjör til Alþingis.

Forseti Íslands boðar til stjórnlagaþings á 25 ára fresti eða oftar ef Alþingi óskar eða 10% kjósenda óska þess. Um fjölda stjórnlagaþingmanna, starfsemi stjórnlagaþings og nánari reglur um kjör þess skal mælt í lögum. Tillaga að nýrri stjórnarskrá skal borin undir alla kosningabæra í landinu í leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar."